

# Niðurstöður viðhorfskannana á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu 2002-2010

---

Mars 2012

Bryndís S. Guðmundsdóttir MA kennslufræði

Ragnar Karl Jóhannsson Ms mannauðsstjórnun

Útgefandi: Barnaverndarstofa

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Samantekt af niðurstöðum einkunnagjafar .....	6
Samantekt á svörum opinna spurninga.....	7
Viðhorfskannanir 2002-2010.....	8
Niðurstöður viðhorfskannana .....	11
Niðurstöður einkunnagjafar .....	12
Almenn líðan: .....	12
Hvaða einkunn vilt þú gefa skólanum? .....	15
Hvaða einkunn vilt þú gefa þeirri aðstoð sem þú færð vegna þinna vandamála? .....	17
Hvaða einkunn vilt þú gefa matnum? .....	19
Hvaða einkunn vilt þú gefa þeim tímstundum sem þú færð á meðferðarheimilinu?.....	21
Hvaða einkunn vilt þú gefa aðstoð sálfræðingsins eða ráðgjafans? .....	23
Hvaða einkunn vilt þú gefa líðan þinni í krakkahópnum? .....	25
Hvaða einkunn vilt þú gefa þeim árangri sem þú hefur náð í meðferðinni? .....	27
Meðaleinkunnir .....	30
Niðurstöður opinna spurninga .....	33
Hvað hefur lagast?.....	33
Hverjir eru kostir meðferðarheimilisins?.....	34
Hverjir eru gallar meðferðarheimilisins?.....	35
Hverju viltu breyta á meðferðarheimilinu? .....	36
Viltu fá hjálp við að koma einhverju á framfæri? .....	37
Framhald eftir útskrift .....	38
Tímalengd í meðferð .....	39

## Töflu- og myndayfirlit

Tafla 1. Fjöldi vistana og fjöldi kannana eftir meðferðarheimilum.....	8
Tafla 2. Fjöldi kannana á hvern skjólstaðing.....	8
Tafla 3. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	12
Tafla 4. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir meðferðarheimili (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	13
Tafla 5. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir dvalartíma (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	14
Tafla 6. Einkunnagjöf fyrir skóla skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	15
Tafla 7. Einkunnagjöf fyrir skóla skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	16
Tafla 8. Einkunnagjöf fyrir aðstoðina skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	17
Tafla 9. Einkunnagjöf fyrir aðstoðina skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	18
Tafla 10. Einkunnagjöf fyrir mat skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	19
Tafla 11. Einkunnagjöf fyrir mat skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	20
Tafla 12. Einkunnagjöf fyrir tímstundir skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	21
Tafla 13. Einkunnagjöf fyrir tímstundir skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	22

Tafla 14. Einkunnagjöf fyrir ráðgjafann skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	23
Tafla 15. Einkunnagjöf fyrir ráðgjafann skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	24
Tafla 16. Einkunnagjöf fyrir líðan í krakkahópnum skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	25
Tafla 17. Einkunnagjöf fyrir líðan í krakkahópnum skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	26
Tafla 18. Einkunnagjöf fyrir árangur skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	27
Tafla 19. Einkunnagjöf fyrir árangur skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	28
Tafla 20. Einkunnagjöf fyrir árangur skipt eftir dvalartíma við svörun könnunar (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	29
Tafla 21. Hvað telja börnin hafa lagast hjá þeim við meðferðina .....	33
Tafla 22. Kostir meðferðarheimilisins að mati barnana .....	34
Tafla 23. Gallar meðferðarheimilisins að mati barnana .....	35
Tafla 24. Svör barna við breytingum sem þau myndu vilja gera á meðferðarheimilinu .....	36
Tafla 25. Svör barna varðandi aðstoð við að koma einhverju á framfæri.....	37
Tafla 26. Hvað á að taka við eftir útskrift .....	38
Tafla 27. Hversu lengi áttu að dvelja á meðferðarheimilinu .....	39
Mynd 1. Aldursskipting skjólstæðinga sem svöruðu viðhorfskönnunum eftir meðferðarheimili .....	9
Mynd 2. Aldursdreifing milli tímabila .....	10
Mynd 3. Munur á dvalartíma eftir meðferðarheimilum (tölur úr ársskýrslum Barnaverndarstofu) .....	10
Mynd 4. Munur á dvalartíma eftir tímabilum (tölur frá BVS um vistunartíma svarenda viðhorfskönnunar) .....	11
Mynd 5. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	12
Mynd 6. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir meðferðarheimili (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	13
Mynd 7. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir dvalartíma (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	14
Mynd 8. Einkunnagjöf fyrir skóla skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	15
Mynd 9. Einkunnagjöf fyrir skóla skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	16
Mynd 10. Einkunnagjöf fyrir aðstoðina skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	17
Mynd 11. Einkunnagjöf fyrir aðstoðina skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	18
Mynd 12. Einkunnagjöf fyrir mat skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	19
Mynd 13. Einkunnagjöf fyrir mat skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	20
Mynd 14. Einkunnagjöf fyrir tómtundir skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	21
Mynd 15. Einkunnagjöf fyrir tómtundir skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	22
Mynd 16. Einkunnagjöf fyrir ráðgjafann skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	23
Mynd 17. Einkunnagjöf fyrir ráðgjafann skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	24
Mynd 18. Einkunnagjöf fyrir líðan í krakkahópnum skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	25
Mynd 19. Einkunnagjöf fyrir líðan í krakkahópnum skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	26
Mynd 20. Einkunnagjöf fyrir árangur skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	27
Mynd 21. Einkunnagjöf fyrir árangur skipt eftir meðferðarheimilum (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta).....	28
Mynd 22. Einkunnagjöf fyrir árangur skipt eftir dvalartíma við svörun könnunar (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta) .....	29
Mynd 23. Meðaleinkunnir eftir aldri .....	30
Mynd 24. Meðaleinkunnir eftir aldri frh.....	30
Mynd 25. Meðaleinkunnir eftir aldri frh 2.....	30
Mynd 26. Meðaleinkunnir eftir dvalartíma .....	31
Mynd 27. Meðaleinkunnir eftir dvalartíma frh.....	31
Mynd 28. Meðaleinkunnir eftir dvalartíma frh 2.....	31
Mynd 29. Meðaleinkunnir eftir tímabilum .....	32
Mynd 30. Meðaleinkunnir eftir tímabilum frh .....	32
Mynd 31. Meðaleinkunnir eftir tímabilum frh 2.....	32
Mynd 32. Hvað telja börnin hafa lagast hjá þeim við meðferðina .....	33
Mynd 33. Kostir meðferðarheimilisins að mati barnana .....	34
Mynd 34. Gallar meðferðarheimilisins að mati barnana .....	35
Mynd 35. Svör barna við breytingum sem þau myndu vilja gera á meðferðarheimilinu .....	36
Mynd 36. Svör barna varðandi aðstoð við að koma einhverju á framfæri .....	37
Mynd 37. Hvað á að taka við eftir útskrift .....	38
Mynd 38. Hversu lengi áttu að dvelja á meðferðarheimilinu .....	39

## Inngangur

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er ríkinu gert að hafa tiltækar stofnanir og heimili fyrir börn sem hafa verið í afbrotum, sýna alvarlegan hegðunarvanda og /eða talin vera í vímuefnaneyslu. Á þeim stofnunum á að veita börnum móttöku í bráðatilvikum, greina vanda þeirra og veita sérhæfða meðferð. Barnaverndarstofa hefur síðan yfirumsjón og eftirlit með heimilum og stofnunum sem ríkið rekur fyrir börn. Í því felst faglegt og fjárhagslegt eftirlit.

Eftirlit Barnaverndarstofu með meðferðarheimilum sem starfrækt eru á hennar vegum má greina í tvennt. Annars vegar er um að ræða svonefnt *innra eftirlit*, þ.e. eftirlit með framkvæmd þjónustusamninga við heimilin svo og líðan barnanna og framvindu meðferðar. Hins vegar er um að ræða *ytra eftirlit*, sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur hefur með höndum. Sem liður í *innra eftirliti* heimsækir starfsmaður Barnaverndarstofu hvert meðferðarheimili þrisvar á ári. Í heimsóknunum er starfsemi heimilanna skoðuð og gengi einstakra barna metið. Þá er rætt við meðferðaraðila um innra starf, skóla- og starfsmannamál, inn- og útskriftir barna o.fl. Einnig er rætt við börnin og lögð fyrir þau viðhorfskönnun þar sem þeim gefst m.a. kostur á að tjá sig um eigin líðan, meta eigin framfarir og segja skoðun sína á því sem þeim finnst að betur mætti fara á heimilinu. Eftir hverja ferð er gerð skýrsla um heimsóknina.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum 666 viðhorfskannana sem voru lagðar fyrir vistbörn meðferðarheimilanna á árunum 2002 – 2010. Byrjað var að nota slíkar skriflegar kannanir árið 2000 á öllum meðferðarheimilum nema Stuðlum. Frá árinu 2002 voru kannanirnar komnar á svipað form og þær eru í dag, þ.e. með föstum spurningum og svarmöguleika á matskvarðanum 1-10. Viðhorfskannanirnar hafa tekið nokkrum breytingum í árána rás, spurningar hafa verið umorðaðar og/eða nýjum bætt við. Samantektin sem hér birtist nær til átta grunnspurninga sem ekki hafa tekið efnislegum breytingum. Auk þessara spurninga eru í síðari útgáfum af viðhorfskönnunum opnar spurningar, já og nei spurningar og nýjar spurningar. Í þessari skýrslu er gerð sérstök grein fyrir þeim niðurstöðum.

Börnin ákveða sjálf hvort þau útfylli/svari viðhorfskönnun. Oftast eru kannanir lagðar fyrir í viðtali sem ráðgjafi Barnaverndarstofu á við einstaka barn en það kemur fyrir að könnunin er lögð fyrir tvö til þrjú börn í einu og stundum taka börnin spurningablaðið með sér afsíðis og fylla það út. Hafa verður í huga að börnin geta verið á ólíku þroskastigi og misfær um að lesa og skrifa. Sum þurfa því stuðning ráðgjafa Barnaverndarstofu við útfyllingu á meðan öðrum hentar betur að gera það sjálfstætt.

Á tímabilinu 2002-2010 var viðhorfskönnunin lögð fyrir vistbörn á eftirfarandi meðferðarheimilum (ártöl tilgreina starfstíma hvers heimilis). Tvö þessara heimila starfa enn, öðrum hefur verið lokað og önnur meðferðarúrræði sett á laggirnar:

	Starfstími	
Árbót í Aðaldal	1992 – 2010	
Berg í Aðaldal	1999 – 2008	(eingöngu fyrir drengi)
Geldingalækur á Rangárvöllum (F)	1993 – 2008	
Götusmiðjan	1998 – 2010	
Háholt í Skagafirði	1999 –	
Hvítárbakki í Borgarfirði (F)	1998 – 2008	
Laugaland í Eyjafirði (F til 2008)	1997 –	(eingöngu fyrir stúlkur)
Torfastaðir í Biskupstungum (F)	1979 – 2004	

ATH. Þau heimili sem eru merkt (F) voru svokölluð fjölskylduheimili, þar sem meðferðaraðilar sem einnig voru rekstraraðilar, bjuggu á meðferðarheimilinu með vistbörnum ásamt eigin börnum.

Við lestur þessarar skýrslu þarf að gæta þess að meðferðarheimilin voru að ýmsu leyti ekki sambærileg og var ætlað að vinna með ólíkan vanda barna, sitthvort kynið, mismunandi aldur og mismunandi forsendur vistunar.

Á Geldingalæk voru vistuð yngstu börnin, oftast á aldrinum 10-12 ára, en á öðrum heimilum voru flest börnin á aldrinum 14-17 ára. Í Götusmiðjunni voru rými bæði fyrir unglinga á aldrinum 15-18 ára sem voru vistuð á vegum barnaverndarnefnda og einnig fyrir einstaklinga sem voru á aldrinum 18 – 20 ára. Eldri hópnum var einnig gefinn kostur á að svara viðhorfskönnun og nýttu sum sér það.

Á Hvítárbakka, Laugalandi, Torfastöðum og Geldingalæk bjuggu meðferðaraðilar, sem einnig voru rekstraraðilar, með vistbörnum ásamt eigin börnum. Um var að ræða svokölluð fjölskylduheimili. Á fjölskylduheimilunum störfuðu einnig aðrir starfsmenn til að koma til móts við vinnuframlag rekstraraðila. Um gat verið að ræða tvö til fimm stöðugildi auk rekstraraðila. Við innritun barna á fjölskylduheimilin þurfti að taka tillit til þess að um var að ræða fjölskylduheimili, þar sem þeim var ekki ætlað að taka við börnum sem voru í augljósum mótþróa gegn meðferð né að takast á við alvarlega ofbeldishegðun. Hvítárbakki og Torfastaðir höfðu umfram önnur heimili leyfi til að taka börn og foreldra í forviðtal í þeim tilgangi að meta horfur á samstarfi. Börn sem voru í mótþróa og voru líkleg til að beita ofbeldi voru því fremur vistuð á heimilum þar sem starfsmenn gengu vaktir og voru því meira mönnuð.

Í Árbót, Bergi, Háholti og Götusmiðjunni gengu starfsmenn vaktir og var starfsmannahópurinn þar því stærri eða allt frá 10 – 15 stöðugildum. Sammerkt er með heimilunum, nema Götusmiðjunni, að sum börn voru vistuð þar gegn eigin vilja og að barnaverndarnefndir ásamt foreldrum og stjórnendum meðferðarheimila ákvörðuðu vistunartímamann. Meðferðarheimilin gátu því ekki útskrifað börnin vegna ónógrar samvinnu í meðferðinni eða vegna alvarlegra reglubrota. Annað gildi fyrir skjólstaðinga Götusmiðjunnar sem voru allir vistaðir með eigin vilja. Þeir gátu yfirgefið heimilið þegar þeir vildu eða var vísað burt ef þeir voru ekki tilbúnir að taka þátt í meðferðinni eða vegna alvarlegra reglubrota. Í Götusmiðjunni var vistunartíminn mun styttri heldur en á öðrum heimilum og sum barnanna dvöldu

þar einungis í örfáa daga. Því voru viðhorfskannanir þar ekki gerðar undir nafni, þó að sum hefðu sett nafnið sitt við þær, enda markmiðið fyrst og fremst að fylgjast með starfsemi heimilisins en ekki meðferð einstakra barna eins og á hinum heimilunum.

Öll þessi atriði sem snerta mun á milli heimila þarf að hafa í huga þegar skýrslan er lesin. Varast þarf að túlka hana á einfaldan hátt heldur ber að skoða niðurstöður í ljósi hlutverka heimilanna, aðstæðna þeirra og hverjar forsendur eru fyrir vistun barnanna. Til dæmis er hugsanlegt að börn, sem eru vistuð gegn vilja sínum, eru í mótþróa og beita ofbeldi, neikvæðari í viðhorfum sínum til meðferðarheimilanna heldur en þau sem geta ráðið sinni för.

## **Samantekt af niðurstöðum einkunnagjafar**

Í viðhorfskönnunum var gefin einkunn frá 1 upp í 10 þar sem 1 er lægsta einkunn og 10 er hæsta einkunn.

**Almenn líðan** barns virtist lakari hjá yngri börnum og þá sérstaklega stúlkum 14 ára og yngri, en 45% þeirra gáfu 7 eða meira í einkunn fyrir almenna líðan á meðan 69 % elstu stúlkanna gáfu sömu einkunn. Börnum á Hvítárbakka mátu líðan sína hæsta á meðan börn á Torfastöðum og í Árbót mátu hana hvað lægsta. Það sýndi sig í meðaleinkunum að börnum leið almennt betur eftir því sem þau höfðu dvalið lengur á meðferðarheimilunum. Hins vegar lækkaði meðaleinkunn þegar dvalartíminn var orðinn lengri en 18 mánuðir. Best virtist þeim líða sem höfðu dvalið í 12 – 18 mánuði en verst þeim sem höfðu dvalið minna en einn mánuð á viðkomandi heimili.

**Skólinn** fékk almennt góða einkunn og það var áberandi að stúlkur voru ánægðari með skólann og þá sérstaklega stúlkur sem voru 17-18 ára. Skólinn í Háholti fékk marktækt lakari einkunn en þeir skólar sem komu best út þ.e. á Laugalandi og Hvítárbakka.

**Aðstoðin** var almennt vel metin, það voru einna helst stúlkur sem ekki voru eins ánægðar með aðstoðina og var meðaleinkunnin lakari eftir því sem stúlkurnar voru yngri (þó gáfu 58% þeirra einkunnina 7 eða hærra). Fjölskylduheimilin og Götusmiðjan eru með hærri meðaleinkunn en önnur heimili varðandi aðstoðina.

**Maturinn** fékk almennt góða einkunn. Það voru helst yngstu stúlkurnar sem ekki voru eins ánægðar með matinn. Sérstaklega mikil ánægja virtist vera með matinn í Háholti (98% gáfu 7 eða meira) og á Torfastöðum (95% gáfu 7 eða meira).

**Tómstundir** fengu almennt góða einkunn. Nokkuð jöfn einkunnagjöf var á milli kynja og eftir aldri, en stúlkur 14 ára og yngri gáfu þó lægstu einkunn. Meiri ánægja var með tómstundir á fjölskylduheimilunum og á Götusmiðjunni. Háholt kom þar ekki langt á eftir en Árbót og Berg voru með lægstu meðaleinkunnina.

**Ráðgjöfin** var almennt vel metin (athuga þarf að hér getur verið um að ræða utanaðkomandi sálfræðing, utanaðkomandi handleiðara eða sérstakan ráðgjafa úr starfsmannahópnum). Það voru einna helst stúlkur 14 ára og yngri sem gáfu ráðgjafa sínum lægri einkunn. Árbót er með marktækt lakari einkunn en Berg, Götusmiðjan og Hvítárbakki hvað ráðgjöfina varðar.

**Líðan barnanna í krakkahópnum** virðist almennt hafa verið góð þó best meðal barna sem voru 17-18 ára. Stúlkur 14 ára og yngri voru ekki eins ánægðar með krakkahópinn og gáfu lakari einkunn en aðrir.

Börnum sem voru á Götusmiðjunni leið almennt betur í krakkahópnum en börnum á hinum heimilunum.

Börnin mátu sinn eigin **árangur í meðferðinni**. Yngstu stúlkurnar töldu árangur sinn minnstan. Hjá öðrum börnum var nokkuð jöfn skipting eftir aldri og kyni. Börn sem voru á Bergi, Geldingalæk og Laugalandi gáfu hærri einkunn fyrir árangur en á öðrum heimilum. Börn á Hvítárbakka mátu árangur sinn lakari en börn á öðrum meðferðarheimilum þrátt fyrir háar einkunnir hvað varðar flesta aðra þætti og sérstaklega almenna líðan. Athyglivert er að sjá að þau börn sem höfðu dvalið í 1 – 2 ár á meðferðarheimilunum mátu árangur sinn hæstan ( yfir 80% gáfu einkunnina 7 eða herra). Hins vegar gáfu þau sem höfðu dvalið lengur en tvö ár og minna en mánuð lægstu einkunn.

Í ofangreindum niðurstöðum vekur sérstaka athygli að viðhorf stúlkna, 14 ára og yngri, virðist neikvæðara en annarra hópa barna. Þær gefa öllum þáttunum nema skólanum lægri meðaleinkunnir en önnur börn gera. Yngstu drengirnir gáfu í sumum tilvikum næstlægstu meðaleinkunn.

## Samantekt á svörum opinna spurninga

Í opnum spurningu höfðu börnin tækifæri til að orða svörin sín sjálf. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir þau og á eftir fylgja helstu svör þeirra.

*a. Hvað hefur lagast eftir að þau komu á meðferðarheimilið?* Nær 34 % barnanna svaraði ekki þessari spurningu, en það helsta sem hin nefndu í svörum sínum voru samskipti (16,22 %), bætt viðhorf (15,47 %), hegðun (14,71 %), neysla (9,7 %) og sjálfsmynd (8,11 %).

*b. Hverjir eru kostir meðferðarheimilisins?* Starfsfólkið (21,77 %), svara ekki (20,12 %), tómstundir (19,82 %), maturinn (16,22 %), aðstoðin (9,31 %).

*c. Hverjir eru gallar meðferðarheimilisins?* Yfir 70 % barnanna svörðu ekki þessari spurningu. Þau fáu sem tjáðu sig nefndu bann við reykingum (7,78 %), meðferðin (6,62%), tómstundir (5,92 %).

*d. Hverju viltu breyta á meðferðarheimilinu?* Yfir 23 % svörðu ekki. Önnur nefndu dagsskrá og aðstöðu á heimilinu (18,7 %), reglur (13,96 %), aukinn frítíma (13,96 %) og engu sögðu 13,21 %.

*e. Viltu fá hjálp við að koma einhverju á framfæri?* Nær 48 % töldu sig ekki þurfa að koma neinu á framfæri og 22,37 % svörðu ekki. Yfir 9 % vildu koma einhverju á framfæri vegna reglna og síðan voru nefnd atriði eins og starfsmenn, foreldrar, útskrift og sjaldnast vegna félagsráðgjafanna.

*f. Hvert ferðu eftir útskrift?* Yfir 70% barnanna sögðust fara heim eftir útskrift og yfir 12 % vissu ekki hvert þau áttu að fara. Síðan voru nefnd fóstur, áfangheimili og leiguíbúð.

*g. Hversu lengi áttu að vera á meðferðarheimilinu?* Nær 75 % barnanna töldu sig vita hversu lengi þau áttu að vera í meðferðinni.

## Viðhorfskannanir 2002-2010

Við afturvirka gagnasöfnun fundust 666 viðhorfskannanir sem skjólstæðingar meðferðarheimila Barnaverndarstofu höfðu svarað. Ákveðið var að telja ekki með þær kannanir sem lagðar voru fyrir börn á Lækjarbakka, þar sem að það heimili tók ekki til starfa fyrr en í lok ágúst 2010 og því ekki samanburðarhæft við önnur heimili. Af þeim 666 könnunum sem slegnar voru inn í SPSS við þessa úrvinnslu, voru 164 drengir (57%) sem skiluðu inn 346 könnunum (52%) og 123 stúlkur (43%) sem skiluðu inn 265 könnunum (40%). 8% kannana sem skilað var inn var ekki hægt að tengja við skjólstæðinga (n=57), í einni könnun var kyn þekkt, aldur var þekktur í 25 könnunum. Vistanir þessara 287 barna voru 328, 164 drengir voru á bak við 188 vistanir (57,3%) og 123 stúlkur voru á bak við 140 vistanir (42,7%). Hægt er að sjá betur hér að neðan skiptingu kyns skjólstæðinga á meðferðarheimilunum og hversu margar kannanir komu frá hverju heimili fyrir sig hér í töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi vistana og fjöldi kannana eftir meðferðarheimilum

Meðferðarheimili	Vistanir			Kannanir		
	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls
Árbót	26	19	45	56	47	103
Berg (Drengir)	33	0	33	65	0	65
Geldingalækur (F)	24	2	26	60	3	63
Götusmiðjan	48	27	75	60	29	89
Háholt	38	18	56	57	26	83
Hvítárbakki (F)	13	11	24	35	23	58
Laugaland (F stúlkur)	0	58	58	0	123	123
Torfastaðir (F)	6	5	11	13	14	27
Alls	188	140	328	346	265	611


Langflestir svöruðu viðhorfskönnuninni aðeins einu sinni eða 124 skjólstæðingar (43,1%), 70 skjólstæðingar (24,3%) svöruðu viðhorfskönnuninni tvisvar sinnum og 51 skjólstæðingur (17,7%) svöruðu könnuninni þrisvar sinnum. Þeir sem svara könnuninni oftast eru undir 10% í hverjum lið og eru það þrjár skjólstæðingar sem svara oftast en 5 sinnum. Einn svarar 6 viðhorfskönnunum, annar svarar 7 viðhorfskönnunum og sá þriðji svarar 9 viðhorfskönnunum. Hægt er að skoða töflu 2 til þess að átta sig betur á þessum tölum.

Tafla 2. Fjöldi kannana á hvern skjólstæðing

Fjöldi kannana	KK	KVK	Alls
1	76	46,1%	48
2	35	21,2%	35
3	27	16,4%	24
4	17	10,3%	9
5	7	4,2%	6
6	1	0,6%	0
7	0	0,0%	1
8	0	0,0%	0
9	1	0,6%	0
Ekki vitað	1	0,6%	0
	165	100,0%	123
			100,0%
			288
			100,0%




Niðurstöður viðhorfskannana gefa til kynna að aldur barnanna hefur breyst í gegnum árin, það skýrist meðal annars af því að Geldingalækur var með yngri börn í vistun hjá sér og svo var Götusmiðjan einnig með skjólstæðinga sem voru eldri en 18 og bauðst þeim að svara viðhorfskönnun ef þau vildu og voru það nokkrir sem gerðu það. Það má svo sjá á mynd 1 hvernig aldurskiptingin á milli meðferðarheimila er.



**Mynd 1. Aldurskipting skjólstæðinga sem svöruðu viðhorfskönnunum eftir meðferðarheimili**


Hér að ofan sjáum við að skjólstæðingar á Geldingalæk voru á aldrinum 10-16 ára og var meðalaldur þeirra 12,37 ára. Skjólstæðingar Götusmiðjunnar voru á aldrinum 15-20 ára með meðalaldur 17,0 ára. Árbót og Laugaland voru með skjólstæðinga á aldrinum 12-18 ára og var meðalaldurinn á Árbót 15,14 ára, en á Laugalandi 15,46 ára. Á Bergi þar sem voru vistaðir drengir á aldrinum 13-17 ára var meðalaldur 15,42 ára. Háholt var með skjólstæðinga á aldrinum 14-18 ára og meðalaldur þar 16,08 ára. Skjólstæðingar Hvítárbakka voru á aldrinum 13-17 ára og var meðalaldurinn þar 15,57 ára. Á Torfastöðum voru skjólstæðingarnir á aldrinum 12-16 ára og meðalaldurinn 14,41 árs.

Ef skoðað er hvernig aldursamsetning vistaðra skjólstæðinga á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu er og þessi 9 ár eru sett í þrjú tímabil, þá má sjá á mynd 2 að aldursbilið hefur dregist saman. Þessi munur skýrist m.a. af lokun Geldingalækjar árið 2008 samfara aukinni áherslu á þjónustu við börn og fjölskyldur á heimavelli, samanber innleiðingu fjölkerfameðferðar (MST). Því hefur meðalaldur skjólstæðinga farið hækkandi og var í kringum 15 ár á fyrsta tímabili og fer yfir 16 ár á þriðja tímabili.



Mynd 2. Aldursdreifing milli tímabila

Hafa þarf í huga að heildardvalartími barna sem svöruðu viðhorfskönnuninni var breytilegur eftir meðferðarheimilum. Um er að ræða heildardvalartíma barns á meðferðarheimilinu, þar sem miðað er við inn- og útskriftardag. Lengstu vistanirnar voru í Árbót, en einnig voru langar vistanir á Bergi, Geldingalæk, Hvítárbakka og á Torfastöðum. Stystu vistanirnar voru í Háholti og í Götusmiðjunni eins og má sjá hér að neðan á mynd 3.




Mynd 3. Munur á dvalartíma eftir meðferðarheimilum (tölur úr ársskýrslum Barnaverndarstofu)

Að meðaltali voru börn styst á Götusmiðjunni (63,8 dagar), en að meðaltali lengst á Torfastöðum (519 dagar).

Ef teknir eru inn- og útskriftardagar barna sem svöruðu viðhorfskönnuninni má sjá að heildardvalartími barna hefur breyst á síðustu 9 árum. Hér er um að ræða dvalartíma barns miðað við inn- og útskriftardag og miðast þessar tölur aðeins við þau börn sem svöruðu viðhorfskönnun en ekki öll börn sem voru í meðferð á þessum tímabilum. Þegar dvalartíminn er skoðaður innan þriggja

tímabila, má sjá að dvalartíminn hefur styst með árunum og meðaldvöl barns á stofnun hefur einnig styst eins og sést hér á mynd 4.



Mynd 4. Munur á dvalartíma eftir tímabilum (tölur frá BVS um vistunartíma svarenda viðhorfskönnunar)

Á árunum 2002-2004 var meðaldvalartími 392 dagar, á árunum 2005-2007 var meðaldvalartími kominn niður í 292 daga og á árunum 2008-2010 var meðaldvalartími kominn niður í 179 daga.

## Niðurstöður viðhorfskannana

Hér á eftir koma niðurstöður úr viðhorfskönnunum sem slegnar hafa verið inn í SPSS fyrir tímabilið 2002-2010. Í fyrstu 8 spurningunum gefur barnið ákveðnum þáttum einkunn frá 1 til 10 þar sem einn er lægsta einkunn. Þar á eftir koma fram niðurstöður opinna spurninga, þar sem spurt er um hvað barninu fannst hafa lagast síðan það hóf vistun, hvað það telji að séu kostir heimilisins, hvað það telji að séu gallar heimilisins, hvort það sé eitthvað sem það myndi vilja breyta á heimilinu, hvort það sé eitthvað sem það vilji hjálpa við að koma á framfæri, hversu lengi það eigi að vera á heimilinu og hvort það viti hvert það fari eftir vistun.

## Niðurstöður einkunnagjafar


### Almenn líðan:

Við spurninguna stóð almenn líðan og starfsmaður útskýrði fyrir börnunum hvað spurt væri um. Það voru flestir sem gáfu einkunn í viðhorfskönnuninni fyrir almenna líðan. Af 666 viðhorfskönnunum var gefin einkunn í 661 (99,5%) könnun, af þeim var vitað um aldur og kyn í 604 (91,3%). Hægt er að glöggva sig betur á niðurstöðum einkunnagjafa í töflu 3 og mynd 5 hér fyrir neðan.

**Tafla 3. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta)**

	14 ára og yngri		15-16 ára		17-18 ára		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
1-2	4	4	0	6	2	0	6	10
	4%	8%	0%	5%	3%	0%	2%	4%
3-4	5	5	16	13	7	7	28	25
	5%	9%	10%	10%	9%	9%	8%	10%
5-6	32	20	36	38	19	17	87	75
	31%	38%	22%	29%	25%	22%	25%	29%
7-8	38	15	82	60	40	41	160	116
	37%	28%	50%	45%	53%	53%	47%	44%
9-10	23	9	30	15	8	12	61	36
	23%	17%	18%	11%	11%	16%	18%	14%
<b>Samtals</b>	<b>102</b>	<b>53</b>	<b>164</b>	<b>132</b>	<b>76</b>	<b>77</b>	<b>342</b>	<b>262</b>
	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Á mynd 5 má sjá að í flestum tilfellum er það yfir 50% barna sem gefa 7 eða meira í einkunn fyrir almenna líðan. Eini hópurinn sem nær ekki 50% eru stúlkur sem eru 14 ára eða yngri en þar er það 45% (n=24)sem gefa 7 eða meira í einkunn. Mynd 5 gefur til kynna að börn sem eru yngri meta almenna líðan ekki eins góða og þau sem eldri eru.




**Mynd 5. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta)**

Þegar litið er til hvernig börn meta líðan sína eftir meðferðarheimilum, þá má sjá hér á töflu 4 og mynd 6 að börn sem dvöldu á Hvítárbakka mátu líðan sína almennt betur en börn sem dvöldu á öðrum meðferðarheimilum.

**Tafla 4. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir meðferðarheimili (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta)**

	Árbót	Berg	Geldinga- lækur	Götu- smiðjan	Háholt	Hvítár- bakki	Laugaland	Torfa- staðir
1-2	7	0	0	2	2	0	5	1
	7%	0%	0%	1%	2%	0%	4%	4%
3-4	15	5	3	12	7	4	11	0
	14%	8%	5%	9%	8%	7%	9%	0%
5-6	32	15	20	40	25	7	30	12
	31%	23%	31%	29%	29%	13%	25%	44%
7-8	36	34	20	71	43	37	51	11
	35%	53%	31%	51%	51%	66%	42%	41%
9-10	14	10	21	14	8	8	25	3
	13%	16%	33%	10%	9%	14%	20%	11%
Samtals	104	64	64	139	85	56	122	27
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Ef mynd 6 hér fyrir neðan er skoðuð, sést að það eru þrjú meðferðarheimili sem skera sig úr varðandi almenna líðan barna. Það eru 80% (n=45) barna á Hvítárbakka sem gefa líðan sinni 7 eða meira í einkunn. Ef skoðuð er einkunnagjöf barna á Árbót og Torfastöðum, þá eru það 48% (n=50) á Árbót og 52% (n=14) á Torfastöðum sem gefa 7 eða meiri í einkunn. Það er tölfræðilega marktækur munur á almennri líðan barnana á milli ofangreindra heimila ( $p=0,006$ ).




**Mynd 6. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir meðferðarheimili (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta)**

F fyrir aftan meðferðarheimilin stendur fyrir fjölskylduheimili, sjá betur í inngangi.

Þegar litið er til þess tíma sem barnið hefur verið á meðferðarheimilinu, þá kemur í ljós að marktækur munur er á því hvernig barn metur líðan sína eftir því hversu lengi það hefur dvalið á staðnum ( $p=0,001$ ). Þessi munur liggur í því að barn sem er búið að dvelja stutt á meðferðarheimilinu metur líðan sína marktækt verr en barn sem hefur dvalið þar í einhvern tíma. Sá munur er einnig skýr í þeim hópi sem hefur dvalið lengur en 18 mánuði á meðferðarheimili, börn sem dvöldu lengur en 18 mánuði á meðferðarheimili mátu líðan sína marktækt verr en börn sem dvöldu í styttri tíma eins og sjá má í töflu 5 og mynd 7, en fyrirvara verður að setja á marktæknina varðandi dvöl umfram 18 mánuði, þar sem þeir skjólstæðingar eru ekki margir.

**Tafla 5. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir dvalartíma (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta)**

	<mán	1-3 mán	3-6mán	6-12mán	1-1,5 ár	1,5-2ár	Lengur en 2ár
1-2	4	6	2	3	1	0	0
	5%	5%	1%	2%	1%	0%	0%
3-4	12	14	9	9	4	2	1
	15%	12%	6%	6%	5%	9%	14%
5-6	28	36	42	33	10	9	2
	36%	32%	29%	22%	13%	39%	29%
7-8	29	50	65	72	41	9	3
	37%	44%	45%	48%	53%	39%	43%
9-10	5	7	25	32	22	3	1
	6%	6%	17%	21%	28%	13%	14%
Samtals	78	113	143	149	78	23	7
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%



**Mynd 7. Einkunnagjöf fyrir almenna líðan skipt eftir dvalartíma (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta)**


### Hvaða einkunn vilt þú gefa skólanum?

Flestir gáfu einkunn í viðhorfskönnuninni fyrir skóla. Af 666 viðhorfskönnunum var gefin einkunn í 558 (83,8%) könnunum, af þeim var vitað um aldur og kyn í 501 (89,8%) könnun. Í 108 (16,2%) könnunum var ekki gefin einkunn fyrir skóla og skýrist það að miklu leyti af því að ekki var boðið upp á skóla í Götusmiðjunni, þó að nokkrir hafi sótt skóla þaðan út fyrir meðferðarheimilið og geta því verið að meta sína heimaskóla. Hægt er að glöggva sig betur á niðurstöðum einkunnagjafa í töflu 6 og mynd 8 hér fyrir neðan.

Tafla 6. Einkunnagjöf fyrir skóla skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta)

	14 ára og yngri		15-16 ára		17-18 ára		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
1-2	6	2	5	4	4	0	15	6
	6%	4%	3%	3%	11%	0%	5%	3%
3-4	10	7	18	12	4	2	32	21
	10%	14%	13%	10%	11%	4%	11%	10%
5-6	26	12	33	28	9	9	68	49
	25%	24%	23%	24%	24%	17%	24%	22%
7-8	30	13	52	41	7	23	89	77
	29%	27%	36%	35%	18%	43%	31%	35%
9-10	30	15	35	31	14	20	79	66
	29%	31%	24%	27%	37%	37%	28%	30%
<b>Samtals</b>	<b>102</b>	<b>49</b>	<b>143</b>	<b>116</b>	<b>38</b>	<b>54</b>	<b>283</b>	<b>219</b>
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Ef við skoðum betur mynd 8, sjáum við að í öllum hópum er meira en 50% svarenda sem gefa skólanum 7 eða meira í einkunn. Munurinn er helst á milli stúlkna og drengja á sama aldurstigi, þar sem 80% (n=43) stúlkna á þeim aldri gefa skólanum 7 eða meira í einkunn. Aðeins 55% (n=21) drengja á sama aldri sem gefa 7 eða meira í einkunn.




Mynd 8. Einkunnagjöf fyrir skóla skipt eftir aldri og kyni (1 er lægsta einkunn og 10 hæsta)

